

Alþingi
Erindi nr. P 139/210
komudagur 6.12.2010



Alþingi
b.t. heilbrigðisnefndar
150 Reykjavík

6. desember 2010

Umsögn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um frumvarp til laga um landlækni og lýðheilsustöð (sameining stofnanna), 190. mál.

Framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), fagnar framkomnu frumvarpi um sameiningu Lýðheilsustöðvar og landlæknisembættisins í eina öfluga stofnun sem áfram muni vinna ötullega að lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu landsins.

ÍSí hefur allt frá stofnun Lýðheilsustöðvar átt mjög gott samstarf við stofnunina um forvarnar og lýðheilsuverkefni s.s. Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, næringarfræði og vímuefna- og tóbaksvarnarverkefni.

ÍSí leggur mikla áherslu á að í hinni nýju umfangsmiklu stofnun verði staðinn vörður um þau verkefni sem Lýðheilsustöð sinnir nú og stuðningur við þau verði efldur. Það er því nauðsynlegt að tryggja að það fjármagn sem nú er veitt til Lýðheilsustöðvar verði ekki skert. Áfram verði tryggt að framlag Forvarnarsjóðs renni til forvarna og lýðheilsuverkefna. Jafnframt er lögð áhersla á að framlag til tóbaksvarna sem hingað til hefur verið 0,9% af brúttósölu tóbaks verði áfram varið í tóbaksvarnir.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands lítur björtum augum til náins samstarfs með hinni sameinuðu stofnun ef af verður.

**Með íþróttakveðju
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands**


Ólafur Rafnson
forseti


Líney R. Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri